



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmudaginn 14. júní 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir og Magnús B. Jónsson

Halldór G. Ólafsson sem hafði lengsta setu í sveitarstjórn setti fundinn og stýrði kjöri oddvita. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Kosning oddvita og varaoddvita

Fram fór kosning oddvita Halldór G. Ólafsson var kjörinn oddviti með fimm samhljóða atkvæðum. Péturína L. Jakobsdóttir var kjörin varaoddviti með fimm samhljóða atkvæðum. Halldór stýrði því áfram fundi.

2. Skýrsla kjörstjórnar um sveitarstjórnarkosningar 2018

Fyrir fundinum lá skýrsla kjörstjórnar þar sem kom m.a. fram að kjósendur á kjörskrá hafi verið 342 og greidd atkvæði hafi verið 274. Gildir atkvæðaseðlar voru 266 en auðir seðlar 8. Úrslit kosninganna voru þau að ð-listi, Við öll fékk 104 atkvæði og tvo menn kjörna en H-listi, Skagastrandarlistinn fékk 162 atkvæði og 3 menn kjörna.

Kjörnir aðalmenn í sveitarstjórn Skagastrandar eru því:

Halldór Gunnar Ólafsson	H-lista
Guðmundur Egill Erlendsson	Ð-lista
Péturína Laufey Jakobsdóttir	H-lista
Róbert Kristjánsson	H-lista
Kristín Björk Leifsdóttir	Ð-lista

Kjörnir varamenn:

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir	H-lista
Inga Rós Sævarsdóttir	Ð-lista
Jón Ólafur Sigurjónsson	H-lista
Hafdís Hrund Ásgeirsdóttir	H-lista
Þorgerður Þóra Hlynisdóttir	Ð-lista

Skýrsla kjörstjórnar var til kynningar.



3. Kosning í nefndir sveitarfélagsins

1. Hafnar- og skipulagsnefnd.

Aðalmenn:

Adolf H. Berndsen

Jóhann Sigurjónsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Steindór R. Haraldsson

Þröstur Líndal

Til vara:

Árni Sigurðsson

Ari Jón Þórsson

Guðjón Guðjónsson

Hallbjörn Björnsson

Inga Rós Sævarsdóttir

2. Tómsunda- og menningarmálanefnd.

Aðalmenn:

Hrefna Þorsteinsdóttir

Fannar Viggósson

Ástrós Elísdóttir

Þorgerður Þóra Hlynsdóttir

Guðlaug Grétarsdóttir

Til vara:

Jensína Lýðsdóttir

Guðrún Soffía Pétursdóttir

Björk Sveinsdóttir

Sigrún Líndal

Fjóla Dögg Björnsdóttir

3. Atvinnu- og ferðamálanefnd.

Aðalmenn:

Jón Ólafur Sigurjónsson

Birna Sveinsdóttir

Árni Max Haraldsson

Kristín Birna Guðmundsdóttir

Áslaug Ottósdóttir

Til vara:

Róbert Kristjánsson

Liya Behaga

Guðmundur H. Stefánsson

Eygló Gunnarsdóttir

Þröstur Líndal

4. Fulltrúi í stjórn Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál.

Halldór G. Ólafsson

Til vara: Jón Ólafur Sigurjónsson

5. Fulltrúi í stjórn Byggðasamlags um Félags- og skólaþjónustu Austur Húnavetninga.

Péturína L. Jakobsdóttir

Til vara: Róbert Kristjánsson

6. Fulltrúi í Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur Húnavatnssýslu.

Róbert Kristjánsson

Til vara: Péturína L. Jakobsdóttir



7. Fulltrúa á ársþing (Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)).

Aðalmenn:

Halldór G. Ólafsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Til vara:

Róbert Kristjánsson

Hrefna D. Þorsteinsdóttir

Kristín Björk Leifsdóttir

8. Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Halldór G. Ólafsson

Til vara: Péturína L. Jakobsdóttir

9. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.

Halldór G. Ólafsson

Til vara: Péturína L. Jakobsdóttir

4. Ráðning sveitarstjóra

Oddviti lagði til við fundinn að starf sveitarstjóra verði auglýst og ráðningastofa verði fengin til að annast auglýsing og ráðgjöf við ráðningarferli. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt að óska eftir að Magnús B. Jónsson sinnti starfi sveitarstjóra til 31. júlí 2018

Oddviti lagði fram verðtilboð frá tveimur ráðningastofum; Strá ehf og Capacent.

Fundarmenn yfirfóru tilboðin og samþykktu að fela oddvita að semja við Strá ehf á forsendum tilboðsins.

5. Siðareglur sveitarstjórnar

Fyrir fundinum lágu siðareglur sveitarstjórnar sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Skagastrandar 13. ágúst 2014. Reglurnar ná til sveitarstjórnar og allra sem kjörnir eru til setu í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn yfirfór reglurnar og staðfesti þær og undirritaði.

6. Samningur um eldvarnareftirlit

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Eldstoðir ehf um eldvarnareftirlit á svæði slökkviliðs Skagastrandar.

Samningurinn er til eins árs og er við bæði sveitarstjórn Skagastrandar og Skagabyggðar.

Sveitarstjórn samþykkti samninginn fyrir sitt leyti og fól sveitarstjóra að senda sveitarstjórn Skagabyggðar hann til umfjöllunar.

7. Samningur um Reykjasafnið

Fyrir fundinum lá tillaga að þjónustusamningi milli milli eigenda Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna varðandi rekstur og ut anumhald starfsemi safnsins. Samningurinn er endurnýjun á samningi sem var í gildi frá 2015 og út árið 2017. Sveitarstjórn samþykkti þjónustusamninginn.



8. Reglur um stuðning við nemendur í framhaldsnámi

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra að breytingum á gildandi reglum um stuðning við framhaldsnám. Með breytingunni er komið til móts við þá sem ljúka námi á haustönn eða aðrar málefnalegar ástæður liggja að baki umsókn um eina önn á skólaári.

Sveitarstjórn ræddi breytingu á reglunum en samþykkti þær síðan. Samþykkt að breyting á reglunum gildi fyrir yfirstandandi ár.

9. Breyting á gjaldskrá

Svohljóðandi tillaga lá fyrir fundinum:

Fulltrúar Skagastrandarlistans leggja til að gjaldskrá sundlaugar Sveitarfélagsins Skagastrandar verði breytt með þeim hætti að eldri borgarar, öryrkjar og börn yngri en 16 ára aldri (grunnskólanemendur), óháð búsetu, þurfi ekki að greiða aðgangseyri að sundlauginni. Breytingin taki nú þegar gildi.

Halldór G. Ólafsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Fjárfestingar og framkvæmdir

Fyrir fundinum lá yfirlit um fjárfestingar ársins sem samþykktar voru sem hluti fjárhagsáætlunar 2018. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda. Sveitarstjórn ræddi framkvæmdir og fjárfestingar.

Fyrir fundinum lá einnig bréf LexGames sem býður hjólahreystibraut sem er færanleg og gerð úr veðurþolnum efnum. Sveitarstjórn ræddi kosti þess að setja upp slíka braut og fól sveitarstjóra að taka saman tillögu um gerð og kostnað við hjólahreystibraut sem gæti hentað. Samþykkt að fela sveitarstjóra að afla nýrra upplýsinga um endurbætur á gerfigrasi sparkvalla.

11. Bréf

- a. Sveitarstjórnar til bankastjóra Landsbankans, dags. 5. júní 2018

Með bréfinu er mótmælt fækkun starfa við Landsbankann á Skagaströnd.

Bréfið var til kynningar.

- b. Tölvubréf Höllu Signýjar Kristjánsdóttur, dags. 7.06.2018

Með bréfinu greinir Halla Signý frá samskiptum sínum við Landsbankann vegna mótmælalabréfs sveitarstjórnar sem jafnframt var sent ríkisstjórn og þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Bréfi var til kynningar.



c. Svarbréf Landsbankans, dags. 8. júní 2018

Með bréfinu svarar Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans ályktun sveitarstjórnar um fækkun starfa hjá Landsbankanum á Skagströnd.

Bréfið var til kynningar.

d. Skipulagsstofnuna, 8. júní 2018

Með bréfinu er óskað frekari gagna til að Skipulagsstofnun geti tekið afstöðu til hvort Aðalskipulagsbreyting á hafnarsvæði Skagastrandarhafnar geti talist óveruleg breyting eða ekki.

Bréfið var til kynningar en sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

12. Fundargerðir

a. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 7.06.2018

Með fundargerðinni fylgdi ársreikningur Félags og skólaþjónustu A-Hún 2017.

Fundargerðin var til kynningar.

b. Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál 17.04.2018

Fundargerðin var til kynningar.

c. Stjórnar SSNV, 22.05.2018

Fundargerðin var til kynningar.

d. Stjórnar Norðurár bs 28.02.2018

Fundargerðin var til kynningar.

e. Stjórna Sambands íslenskra sveitarfélaga, 18.05.2018

Fundargerðin var til kynningar.

13. Önnur mál

Guðmundur Egill og Kristín Björk lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þann 1. janúar 2009 tóku gildi lög nr. 79/2009 um endurskoðendur. Skv. 3. mgr. 20. gr. þeirra laga ber endurskoðanda sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum, (s.s. sveitarfélaga) að taka sér hlé í a.m.k. 2 ár eigi síðar en 7 árum eftir að honum er falið verkið. Að þessu virtu teljum við að óeðlilegt sé með öllu að skipta



áfram við núverandi endurskoðanda, enda er ekki annað að merkja en að sami endurskoðandi hafi starfað að minnsta kosti, óslitið síðan árið 2007, en gögn eru ekki aðgengileg á netinu vegna eldri ára en það. Vel ber þó að merkja að frá gildistöku núverandi laga, 1. janúar 2009, hefur viðkomandi endurskoðandi starfað til dagsins í dag í 9. ár.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 12.00

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Magnús B. Jónsson